

Nokkur síðustu tíðindi og sambandsmálið.

I.

Skaðaveðrið síðasta (14. des. sl.) reyndist ennþá illvirkara en veturnáttasárviðrið í fyrra. Bráðviðri af þessu tagi má telja meðal hinna sérstöku einkenna staðanna, þar sem illa stefnir. Og vér megum eiga vísa von á framhaldi síðar af sliku og þó versnandi, ef enn verður haldið áfram í sömu átt og hingað til. Enda leynir það sér ekki, að margir hafa ríkt fundið til þess, að þörf væri á stefnubreytingu, og hefir margt verið um slikt ritað og margar spár fram komið þess efnis, að ekki væri langt til aldaskifta. Fyrir 10 árum segir hinn stórgáfaði pólski náttúrufræðingur Ossendovski (í grein í timaritinu 19. cent. and after Jan. 1926, s. 29): We are on the threshold of a new era; ný öld er fyrir höndum; og spáir hann því, að Evrópumenningin muni gersamlega undir lok líða, ef ekki verði mjög alvarlegar breytingar á því, hvernig vér vestur hér, hugsum oss tilveruna.

Lengra er síðan fyrst kom út skáldsaga H. G. Wells, sú er heitir In the days of the Comet, og er þar aldaskiftum lýst af mjög tiltakanlegri snild. Lætur Wells í sögu sinni halastjörnu rekast á jörðina, og stevnist há

yfir hana lofttegund, sem breytir mönnunum svo skemtilega, að aldaskiftin takast þrautalaust. Og að vísu hygg eg að hinn mikli enski snillingur hafi rétt fyrir sér í því, að ekki geti verulega vel orðið, nema mennirnir breytist á einhvern furðulegan hátt. En þó er óhætt að spá því, að breytingin muni verða með nokkuð öðrum hætti en í sögunni segir, og er raunar ekki ofmælt, að aldaskiftin séu þegar hafin. Því að Ossendovski hafði rétt fyrir sér í því, að leggja svo ríka áherslu á hugmyndirnar. Má segja að upphaf aldaskiftanna sé það, að uppgötva lífið á stjörnunum og koma á viðunandi sambandi við það.

II.

Hér á landi hefir — á fullkomlega vísindalegan hátt — lífið á stjörnunum uppgötvað verið, og hið sannanæfli lífsins effir dauðann. Óg þetta ættu menn að fára sér í nyt, með því að taka þar undir og taka þátt í þessari uppgötvun. Mundu áhrif slikra undirtekta skjótt koma fram í batnandi þjóðarhögum. En hve mjög vantar á undirtektir má marka af því, að fjárveitinganefnd alþingis nú síðast, taldi óþarfst að sínna tilmælum mínum um

nauðsynlegan aukinn stuðning, eða veita fyrir míin orð, lítilsháttar fjárlýrk einum vini mínum, sem hefir þó þegar, þrátt fyrir erfiðar ástæður, sýnt, að hann er mjög efnilegt skáld. Hefir með þessu mikilvantraust verið sýnt því sem eg hefi ritað um rannsóknir mínar. En ég segi það ekki ósatt, að sá sem hefir getað sagt frá því, sem hefir þótt eins ótrúlegt og það, að verulegur hluti hinnar íslensku basaltmyndunar, sé yngri en pliocenu löginn á Tjörnesi, yngri en upphaf isaldatímabilsins, og stutt þá frásögn með óyggjandi rökum, hann á skilið meir en meðaltraust sem ví sindamaður.

III.

Ríkissjóður leggur miljónir í hin ýmsu fyrirtæki sín, eins og sjálfsagt er og lofsvert. En eg fullyrði — og mundi þá telja maklegt að mér yrði ekki framrar neitt traust sýnt sem ví sindamanni, ef eg reyndist um þetta ekki sannspár — að engin miljónin mundi gefa eins góðan ávoxt og sú, sem færir fyrir að koma upp stöð til sambands við lifið á stjörnunum og þá ekki síst við hina framliðnu héðan, sem í slikum stöðum lifa fullkomnara lifi en hér á jörðu. Verður til þess sem

mest að stefna, að samþand þetta, sem menn hafa vitað svo altof lítið um, sé sem mest til hinna betri staða. En til þess hefir nú einmitt verið stefnt, og þá einkum kreppuárin, að á hinn veginn sé, og að því miðar mjög sá sljóleiki og, eg verð því miður einnig að segja fjandskapur, ótrúlegur og illkynjaður*), sem mér og minu málefni hefir sýndur verið. Er það ein af mínum heitustu óskum, og eins og tíminn mun leiða í ljós, ekki af eintómri eicingirni sprottin, að auðnast megi að fá fólk ið til að skilja, hve mjög mikla þýðingu það hefir fyrir þjóðhagi, hvernig snúist er gagnvart sambandsmáli þessu og þeim, sem það flytja. Ýms tiðindi, sem gerst hafa síðustu árin og sum þau minnihláttæðustu nú fyrir skemstu, hafa svo hátt um samband við illa staði og eigi einungis það, heldur vaxandi samband við illa staði, að það ætti að vera einlæg ósk vor allra, að auðnast mætti áður en verra dynur yfir, að breyta þar um til hins bætra.

3. jan. 1936.

Helgi Pjeturss.

*) Sjá grein mína í Visi 3. nóv. sl.: Aldaskiftin og nöðrumennin.